



Sveitarfélagið Dalabyggð

Miðbraut 11
370 Búðardal

Vegna kröfu Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Vísað er til bréfs Dalabyggðar 15. desember 2020. Í bréfinu er vitnað til bókunar byggðaráðs Dalabyggðar 7. desember 2020. Í bókuninni er vitnað til bókunar byggðarráðs Skagafjarðar þar sem fram kemur að ráðið harmi þá stöðu sem upp er komin í málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu fjárhæðar vangreiddra framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Að mati ráðsins sé ljóst að ef krafa Reykjavíkurborgar nái fram að ganga muni hún leiða til skerðingar framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þar af leiðandi til skertrar þjónustu við íbúa sveitarfélaga. Byggðarráð Skagafjarðar skori því á Reykjavíkurborg að draga kröfu sína til baka og leita annarra leiða gagnvart ríkisvaldinu til að ná fram leiðréttingu mála sinna. Þá skori ráðið jafnframt á önnur sveitarfélög að taka undir bókun sína og gera að sinni. Í bókun stjórnar Byggðaráðs Dalabyggðar sé tekið heils hugar undir bókun Byggðarráðs Skagafjarðar og geri stjórnin hana að sinni.

Rétt er að halda því til haga að Reykjavíkurborg harmar einnig þá stöðu sem upp er komin, en borgin hefur beint ítrekuðum erindum til ríkisins og oftsinnis boðið upp á samtal vegna málsins en ráðuneytið hefur ítrekað hafnað því. Í kjölfar viðræðna á aðventunni eru þó væntingar til þess að sáttferli sé að hefjast og að það leiði til farsællar niðurstöðu.

Þar sem niðurstaða sáttumleitana hefur ekki ennþá borið ávöxt hefur Reykjavíkurborg höfðað mál á hendur íslenska ríkinu þar sem gerð eru krafa um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015-2019. Verði fallist á greiðsluskyldu í málinu mun það koma í hlut íslenska ríkisins, sem er stefndi í málinu, að greiða dæmda fjárhæð. Jöfnunarsjóður getur ekki átt sjálfstæð réttindi eða borið skyldur vegna skilyrða í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. dómur Hæstaréttar Íslands frá 14. maí 2019 í máli nr. 34/2018. Helgast það af því að samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skal sjóðurinn vera í vörslu ráðuneytisins. Þannig liggur fyrir að greiðsluskylda getur ekki hvílt á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fallist dómstólar á kröfur Reykjavíkurborgar í málinu.

Reykjavíkurborg hefur orðið þess vör að því hefur verið haldið fram að kröfur borgarinnar beinist að Jöfnunarsjóði en ekki ríkinu. Í því sambandi vill Reykjavíkurborg benda á að samkvæmt óbreyttum lögum er almennt óheimilt að veita tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til annars en úthlutunar framlaga eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, með síðari breytingum. Í ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga er ekki að

finna heimild til að greiða kröfu Reykjavíkurborgar af tekjum eða fjármunum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt 9. gr. laganna skal tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga einvörðungu ráðstafað til greiðslu bundinna, sérstakra og jöfnunarframlaga, sbr. 10. - 13. gr. laganna. Þannig hefur íslenska ríkið, að óbreyttum lögum, ekki annan ráðstöfunarrétt yfir tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en að tryggja að sjóðurinn úthluti þeim í samræmi við tilvitnað ákvæði 9. gr. laganna.

Mál Reykjavíkurborgar byggist á því að öll sveitarfélög fá sérstakar greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna skólastarfs og kennslu barna af erlendum uppruna – nema Reykjavík. Meðal þeirra sveitarfélaga sem fá slíkar greiðslur eru stór og stöndug sveitarfélög sem sum hver fullnýta ekki sína tekjustofna. Á sama tíma leggur Reykjavík til 11 milljarða á ári inn í Jöfnunarsjóð. Það fjármagn er meðal annars nýtt til að niðurgreiða skólastarf og skatta í sveitarfélögum sem hafa lægri velferðarútgjöld og hærri tekjur en borgin. Um leið og Reykjavíkurborg gerir ekki athugasemdir við greiðslur í Jöfnunarsjóð, þá snýst þetta mál um ómálefnalegar reglur, án lagastoðar, sem útiloka að borgin sé metin eftir sömu úthlutunarreglum og önnur sveitarfélög. Með öðrum orðum, það eina sem er verið að óska eftir er að borgin sé metin á jafnræðisgrunni við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og um land allt. Borgin er hér fyrst og fremst að gæta hagsmuna Reykvíkinga og hagsmuna skólanna, barnanna í borginni og beinir því kröfu sinni að íslenska ríkinu.

Að lokum skal ítrekað að Reykjavíkurborg hefur freistað þess að ná samkomulagi við íslenska ríkið vegna kröfugerðar sinnar og mun halda áfram að gera það þrátt fyrir málshöfðun. Reykjavíkurborg telur kröfu sína vera málefnalega og réttmæta, enda veitir sveitarfélagið sannarlega þá þjónustu sem umrædd framlög eiga að styðja við. Engum dettur í hug að rétt reiknuð framlög til Dalabyggðar séu á kostnað annarra sveitarfélaga. Sömu sjónarmið hljóta að gilda um framlög til Reykjavíkur. Meginatriði hlýtur að vera að þau séu rétt reiknuð og byggji á lögum. Sömu leiðis ættu sveitarfélög að vera samstíga í því að hugsanlegar greiðslur vegna vangoldinna framlaga á umliðnum árum eigi að koma úr ríkissjóði. Því telur Reykjavíkurborg brýnt að sveitarfélög standi með Reykjavíkurborg í málinu þar sem þau eru þá um leið að gæta eigin hagsmuna sem eru sameiginlegir fyrir öll sveitarfélög í landinu gagnvart ríkisvaldinu.

Að öllu óbreyttu verður málið þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 28. janúar 2021. Engu að síður lýsti Reykjavíkurborg því yfir að vera eftir sem áður reiðubúin og viljug til viðræðna við íslenska ríkið um hugsanlegar sættir í málinu. Reykjavíkurborg hefur fulla trú á að slíkar viðræður geti skilað árangri og vonast til að ríkið nálgist málið af sama hug.



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:
réf borgarstjóra til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 5. janúar 2021.



Reykjavík, 5. janúar 2021

R19050155

173

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

***Viðræður um sættir vegna kröfu Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu um greiðslu
framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga***

Vísað er til fyrri samskipta og sáttaumleitana milli Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins vegna kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015-2019. Þar sem hvorki náðist samkomulag milli aðila um greiðslu kröfunnar eða viðurkenningu á greiðsluskyldu né frestun málshöfðunar á meðan íslenska ríkið hlutaðist til um endurskoðun á hlutaðeigandi ákvæðum laga og reglugerðar, þ.e. um almennt jöfnunarframlag vegna rekstrar grunnskóla og framlag vegna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál á nýliðnu ári, var Reykjavíkurborg nauðugur sá kostur að höfða mál á hendur íslenska ríkinu um kröfuna með birtingu stefnu hinn 30. desember 2020. Að öllu óbreyttu verður málið þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 28. janúar 2021.

Í samræmi við umræður okkar og þrátt fyrir málshöfðunina lýsir Reykjavíkurborg því hér með yfir að vera eftir sem áður reiðubúin og viljug til viðræðna við íslenska ríkið um hugsanlegar sættir í málinu. Reykjavíkurborg hefur fulla trú á að slíkar viðræður geti skilað árangri og vonast til að ríkið nálgist málið af sama hug. Tilkynnist hér með að borgarritari og borgarlögmaður myndu annast viðræður fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Afrit:

Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður

